Nr. 18.
16. sept.

# Lög
um
breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Safnaðarfundir þeir og hjeraðsfundir, sem skipaðir eru í lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, skulu eptirleiðis haldnir, hinir fyrnefndu í maímánuði og hinir síðarnefndu í júnímánuði eða septembermánuði ár hvert.

2. gr.

Í kirkjusóknum, sem hafa yfir 1000 íbúa, skulu 5 menn vera í sóknarnefndum þeim, sem skipaðar eru í fyrgreindum lögum 27. febrúar 1880, 3. gr.

3. gr.

Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa samtals í því hjeraði eru á fundi.

Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 16. sept. 1893.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 18.
16de
Sept.

om

## Forandring i Lov af 27de Februar 1880 om Bestyrelsen af Menighedsanliggender og om Oprettelsen af Menighedsudvalg for Kirkesogne og Herreder.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

**Gøre vitterligt:** Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

De ved Lov af 27de Februar 1880 om Bestyrelsen af Menighedsanliggender og om Oprettelsen af Menighedsudvalg for Kirkesogne og Herreder anordnede Menighedsmøder og Herredsmøder skulle herefter afholdes, de førstnævnte i Maj Maaned og de sidstnævnte i Juni eller September Maaned hvert Aar.

§ 2.

I Kirkesogne med over 1000 Indbyggere skulle de ved fornævnte Lov af 27de Februar 1880 § 3 anordnede Sogneudvalg bestaa af 5 Medlemmer.

§ 3.

Et Herredsmøde er beslutningsdygtigt, naar af Herredets Præster og Menighedsrepræsentanter tilsammen over Halvdelen er tilstede.

Til en Beslutnings Vedtagelse udfordres over Halvdelen af de afgivne Stemmer.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 16de September 1893.**

---

**Ministeriet for Island, den 16de September 1893.**

*J. Nellemann.*

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 18. Lov af 16de September om Forandring i Lov af 27de Februar 1880 om Bestyrelsen af Menighedsanliggender og om Oprettelsen af Menighedsudvalg for Kirkesogne og Herreder.